

Tilkynning

frá Stangaveiðifélagi Akraness um sölu veiðileyfa og aðalfund 2005

Aðalsöludagur veiðileyfa verður laugardaginn 12. febrúar n.k og fer fram að Suðurgötu 108. Þeir sem ætla að fá veiðileyfi, draga númer frá kl. 11-12 og verða leyfin afgreidd eftir þeim númerum kl. 14 sama dag. Mánudaginn 14. febr. kl. 20-21,30 verða óseld veiðileyfi seld félagsmönnum á skrifstofu félagsins að Suðurgötu 108. Eftir það verða þau einnig boðin utanfélagsmönnum. Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðia áður en númer er dregið og dregur einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum leyfi til að draga fyrir sig. Skylt er að greiða árgjald áður en dregið er.

Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á 50% keyþra veiðileyfa og er heimilt að greiða með greiðslukortum. Ef veiðileyfi verða ekki leyst út fyrir 15. júní er stjórninni heimilt að ráðstafa þeim til annara.

Veiðileyfi verða seld eftir sömu reglu og áður, þannig að menn hafi frjálst val í þeirri röð sem afgreiðslunúmer segir til um, séu þeir mættir er sala hefst og kemur að þeirra númerum.

Í Fáskrúð eru 2 stangir á dag að undanskildum tveim partíum þar sem eru þrjár stangir á dag. Í Fáskrúð eru 2 dagar seldir saman út á nöfn tveggja félagsmanna. Þar hefst veiði kl. 16,00 komudag (kl. 15,00 eftir 15. ágúst) og lýkur kl. 13 heimfarardag. Í Laxá er seld ein og ein stöng út á eitt nafn félagsmanna. Skyldufæði er í Laxá á haustdögunum ((veiðitími kl. 15- 21 og 07-13) og er verð þess innifalið í stangarverðinu (gildir fyrir 2) en ekki gisting. Vordaginn hefst veiði kl. 07 og lýkur kl. 21, þá er ekki fæði.

Á laxasvæðinu í Andakilsá eru stöku dagarnir seldir með báðum stöngunum út á nöfn tveggja félagsmanna, og sama gildir um það, þegar tveir dagar eru seldir saman. Á stöku dögunum hefst veiði kl. 07 og lýkur kl. 21 að kveldi og má koma í húsið kvöldið fyrir veiðidag, en þar sem tveir dagar eru seldir saman hefst veiði kl. 16,00 komudag (kl. 15,00 eftir 15. ágúst) og lýkur kl. 13,00 heimfarardag. Salan á silungasvæðinu er frjálst og verður í boði á söludegi. Nýtt veiðihús með öllum viðlegubúnaði er til afnota fyrir veiðimenn á silungasvæðinu, húsið er staðsett við bæinn Skeljabrekkur og má koma í það kvöldið fyrir veiðidag.

Ef ágreiningur kemur upp um ofanskráðar reglur áskilur stjórnin sér rétt til að skera þar úr í hverju tilfalli. Ens og undanfarin ár mun Ólafur G. Ólafsson hjá Sjóv-Almennum, sími 440-2360 annast sölu veiðileyfa eftir áður nefnda söludaga.

Aðalfundur

Stangaveiðifélags Akraness verður haldinn föstudaginn 11. febrúar. kl. 20 að Suðurgötu 108

Fundarefni: 1. Venjuleg aðalfundastörf
2. Önnur mál

Akranesi 4. febrúar 2005 stjórn SVFA

Verðskrá

Stangaveiðifélags Akraness 2005

Fáskrúð

Laxá í Leirársveit

Fjöldi stanga	júní	stöng á dag
2 stangir	24.-26.	kr. 18,500
2 stanga	26.-28.	kr. 19,500
2 stangir	28.-30	kr. 20,500

júlí

2 stangir	6.-8.	kr. 26,500
2 stangir	8.-10.	kr. 27,500
2 stangir	10.-12.	kr. 29,500
2 stangir	18.-20.	kr. 29,500
2stangir	20.-22.	kr. 29,500
2stangir	22.-24.	kr. 29,500
2 stangir	30.-1. ág	“ 29,500

ágúst

2 stangir	1.-3.	kr. 29,500
3 stangir	3.-5.	kr. 29,500
2 stangir	11.-13.	kr. 29,500
2 stangir	13.-15.	kr. 29,500
3 stangir	15.-17.	kr. 29,500
2 stangir	23.-25.	kr. 28,500
2 stangir	25.-27.	kr. 27,500
2 stangir	27.-29.	kr. 26,500

sept.

2 stangir	4.- 6.	kr. 24,500
2 stangir	6.- 8.	kr. 23,500
2 stangir	8.-10.	kr. 22,500

fjöldi st.pr. st. á dsg

júní 22.	4	kr. 24,000	ekki fæði
sept. 10-11	6	kr. 32,500	fæði innifalið
sept.11-12	6	kr. 32,500	-----“-----

Andakílsá

Fjöldi stanga, júní, stöng á dag

2	22.	kr. 14,900
2	26.	kr.19,400
2	30.	Kr.23,900

júlí

2	2.	kr. 23,900
2	8.-10.	kr. 29,400
2	16.-18.	kr. 34,900
2	24.-26.	kr. 34,900

ágúst

2	1.-3.	kr. 34,900
2	9.-11.	kr. 34,900
2	17.-19.	kr. 29,400
2	25.-27.	kr. 23,900

sept.

2	2.-4.	kr. 23,800
2	10.1/2	kr. 9,700
2	11.	kr. 19,400
2	15.	kr. 16,400
2	19.	kr. 16,400
2	23.	kr. 16,400
2	27.	kr. 13,400